



SAMBANDSVEITARFÉLAGA Á SUÐURNESJUM

Fundur með fjárlaganefnd Alþingis 16.10.2015

ÁLYKTUN UM HAFNAMÁL

Lögð fram á 39. aðalfundi Sambands sveitarfélaga á Suðurnesjum í Reykjanesbæ

Aðalfundur Sambands sveitarfélaga á Suðurnesjum, haldinn 2.-3. október 2015 skorar á ríkisvaldið að styðja við uppbyggingu í Helgúvík. Þessa daganna er verið að reisa kísilver United Silicon og gert er ráð fyrir að uppbygging Thorsil hefjist á næsta ári. Uppbygging í Helgúvík hefur tekið á fjárhagslega hjá Reykjanesbæ og fyrirsjáanlegur er töluverður kostnaður við áframhaldandi uppbyggingu á næstu árum. Fundurinn leggur til við hlutaðeigandi að fyrirhuguðum hafnarframkvæmdum sem og kostnaði vegna fyrri framkvæmda verði sett á fjárlög 2016. Jafnframt verði horft til þess að á næstu fjórum árum þar á eftir komi fjárframlög. Lagt er til að hluti þessara fjárframlaga byggi á forsendum hafnarlaga nr. 61/2003 og vegalaga nr. 80/2007 og hluti verði vegna sérlaga um sértakan stuðning.

Aðalfundurinn bendir á að þjóðhagslegur ávinningur framkvæmda í Helgúvík er margfaldur umfram þau fjárframlög sem óskað er eftir að lagt verði í verkefnið. Samkvæmt samþykktu svæðisskipulagi Suðurnesja 2008-2024 er gert ráð fyrir því að Helgúvíkurhöfn gegni hlutverki sem útskipunarhöfn Suðurnesja og er hún mikilvæg í allri atvinnuuppbyggingu á Suðurnesjum.

Jafnframt kemur fram í Svæðisskipulagi Suðurnesja að hafnirnar í Grindavík og Sandgerði eru skilgreindar sem fiskihafnir og að er ekki gert ráð fyrir nýjum höfnum. Nauðsynlegt er að endurgera þil við Miðgarð í Grindavík og þil í Sandgerðishöfn. Fyrrgreind þil eru frá 1964-1978 og en meðallíftími bryggjuþilja 40 ár. Samkvæmt minnisblaði Vegagerðarinnar um stálþilið í Grindavík, dags. 08.05.2015 kemur fram að ástand stálþilsins er ekki gott enda þilið orðið um 50 ára gamalt. Ástand þekju er ekki gott og ástand bryggjukants þó sýnu verra. Metur Vegagerðin það sem svo að brýn þörf sé á að endurbyggja bryggjuna innan mjög fárra ára. Grindavíkurhöfn er með næstmesta verðmæti aflu á hvern metra viðlegukants á landinu. Afar mikilvægt er að allir viðlegukantar séu í notkun og hægt sé að veita þjónustu hratt og örugglega, svo skip komist sem fyrst aftur á sjó til veiða.

Í minnisblaði hafnasviðs Vegagerðarinnar dags. 24.02.2015 um ástand Suðurbryggju Sandgerðishafnar kemur fram að víða hafa myndast göt á stálþilið vegna tæringar og að burðargetan er mjög skert eða aðeins 20% af upprunalegum styrk þilsins. Takmarka hefur þurft þungaumferð um bryggjuna. Brýn þörf er á að allar bryggjurnar séu nothæfar enda er Sandgerðishöfn meðal þeirra hafna þar sem flestar landanir eru á ári hverju. Metur Vegagerðin brýna þörf á að endurbyggja bryggjurnar í Grindavík og Sandgerði innan mjög fárra ára

ÁLYKTUN UM MÁLEFNI ALDRAÐRA.

Lögð fram á 39. aðalfundi Sambands sveitarfélaga á Suðurnesjum í Reykjanesbæ

Aðalfundur Sambands sveitarfélaga á Suðurnesjum, haldinn 2.-3. október 2015 bendir á að samkvæmt nýjustu upplýsingunum bíða 43 sjúkir aldraðir eftir hjúkrunarrými á Suðurnesjum. Ljóst er að það stefnir í óefni ef ekkert verður gert í þessum málaflökki. Það hlýtur að vera forgangsmál að vinna nú þegar að fjölgun hjúkrunarrýma á Suðurnesjum.



Ef stuðst er við reiknireglu Velferðarráðuneytisins við mat á þörf ætti hjúkrunarrými á Suðurnesjum að vera 141 en eru aðeins 118. Reiknireglan gerir einnig ráð fyrir því að 10-15% rýma séu skilgreind sem hvíldarrými en í dag eru einungis 8 rými af 118 með þá skilgreiningu eða 6,7%.

Sé gengið út frá forsendum miðspár Hagstofu Íslands um fjölgun aldraðra til ársins 2025 má búast við að öldruðum íbúum á Suðurnesjum fjölgi um 857 á næstu 10 árum og 1708 á næstu 20 árum. Sé stuðst við reiknireglu ráðuneytisins þyrftu að vera 182 hjúkrunarrými á Suðurnesjum árið 2025 og 267 rými árið 2035.

Þessi staða er með öllu óásættanleg fyrir íbúa Suðurnesja og gerir aðalfundurinn því þá kröfu til stjórnvalda að þau standi með sveitarfélögunum á Suðurnesjum í þeirri viðleitni að byggja upp hjúkrunarþjónustu við aldraða sem uppfyllir þörf, mæti nútíma- og framtíðarþörfum í málaflokknum og standist samanburð við önnur heilbrigðisumdæmi landsins. Fundurinn skorar því á Velferðarráðherra að beita sér fyrir bragarbót í öldrunarþjónustu á Suðurnesjum þar sem ríki og sveitarfélögin verði leiðandi í nýrri nálgun í heildrænni þjónustu við aldraða.

ÁLYKTUN UM SAMGÖNGUMÁL.

Lögð fram á 39. aðalfundi Sambands sveitarfélaga á Suðurnesjum í Reykjanesbæ

Aðalfundur Sambands sveitarfélaga á Suðurnesjum, haldinn 2.-3. október 2015 skorar á Innanríksráðherra að beita sér fyrir útbótum á lagaumhverfi almenningsamgangna. Nauðsynlegt er að tryggja landshlutasamtökunum einkaleyfi almenningsamgangna eins og kemur fram í samningum milli Sambands sveitarfélaga á Suðurnesjum og Vegagerðarinnar. Leggja verður áherslu á að einkaréttur landshlutasamtakanna til að starfrækja almenningsamgöngur á tilleikum leiðum og svæðum og að þeim rétti sé veitt ríkari vernd í lögum. Gera verður skýrari greinarmun á almenningsamgöngum og farþegaflutningum í atvinnuskyni. Skorað er á stjórnmalamenn að standa vörð um almenningsamgöngur á Suðurnesjum sem og landinu öllu og tryggja að almenningsamgöngur séu raunhæfur kostur fyrir almenning.

Aðalfundurinn leggur áherslu á að unnið verði að því að breikka Grindavíkurveg. Vegurinn er illa farinn vegna mikilla þungaflutninga og mjög sprunginn á köflum. Vert er að benda á að vegurinn liggur í gegnum vatnsverndarsvæði Suðurnesja og því afar mikilvægt að hann sé þannig úr garði gerður að hægt sé að bregðast við mengunarslysum. Laga þarf gatnamót að Bláa Lóns afleggjara sem eru dimm og hættuleg, en þau þarf að endurhanna og bæta umferðaröryggi. Jafnframt þarf að laga vegi til Sandgerðis og Sveitarfélagsins Garðs. Breikka þarf vegina og þarfnast þeir talsverðar lagfæringa. Nokkur straumur er um vegina af stórum bifreiðum m.a. vegna fiskflutninga og uppfylla þeir ekki öryggiskröfur. Fundurinn bendir á að mikilvægt er að ljúka við tvöföldun Reykjanesbrautarinnar upp í Flugstöð Leifs Eiríkssonar eða í það minnsta bæta innkomur í Reykjanesbæ og auka umferðaröryggi við Aðalgötu og Þjóðbraut.

Aðalfundurinn gerir athugasemdir við þá aðferð sem notuð var þegar skoðaðir voru kostir fyrir staðsetningu innanlandsflugs. Sameiginlegur stýrihópur ríkisins, Reykjavíkurborgar og Icelandair Group mat millilandaflugvöll á Miðnesheiði, Keflavíkflugvöll ekki sem einn þeirra valkosta sem kæmu til greina.



STÆKKUN FJÖLBRAUTASKÓLA SUÐURNESJA.

Í tilefni af því að skólinn verður 40 ára haustið 2016 hefur verið endurvakin sú hugmynd að byggja við félagsrými skólans. Salur skólans, sem jafnframt er matsalur nemenda, rúmar um 350 manns í sæti. Salurinn er í dag eina svæðið sem nemendur hafa til að setjast niður á í frímínútum og / eða í eyðum í stundatöflu sinni. Búið var að teikna og útfæra (árið 2008) hvernig hægt væri að stækka matsalinn til að hann rúmaði fleiri til að mæta þeim fjölda sem þá var hér eða um 1200 nemendur. Með fækkun nemenda í árgangi og styttingu stúdentsnáms (55% nemenda Fjölbrautaskóla Suðurnesja eru í bóklegu námi) í þrjú ár má gera ráð fyrir að nemendafjöldi FSS næstu árin verði um 900 nemendur ef ekki verður fjölgun íbúa á svæðinu á ný. Nemendur skólans eru nú um 1000 en voru flestir um 1250 þegar átakið „Nám er vinnandi vegur“ stóð yfir.

Kostnaðarhlutfall við stækkun Fjölbrautaskóla Suðurnesja.

Heildarkostnaður	96.000.000 kr.	
Hlutdeild ríkis	57.600.000 kr.	60%
Hlutdeild sveitarfélaga	38.400.000 kr.	40%

Skipting kostnaðar á sveitarfélög	Fjöldi íbúa 01.10.2014	Fjöldi íbúa í prósentum	Kostnaðarhlutfeld
Reykjanesbær	14.830	67,76%	26.027.057 kr.
Gnindavík	2.930	13,39%	5.142.230 kr.
Sandgerði	1.590	7,27%	2.790.494 kr.
Sveitarfélagið Garður	1.420	6,49%	2.492.139 kr.
Sveitarfélagið Vogar	1.110	5,07%	1.948.080 kr.
Samtals	21.880	100,00%	38.400.000 kr.

Forsendur útreikings miðast við aðkomu ríkisvaldins, áætlaðan kostnað við stækkun (framlagðan af FS) og íbúatölu 01.10.2014

VIRÐISAUKASKATTUR Á ALMENNINGSSAMGÖNGUR

Vakin er athygli fjárlaganefndar á því að frá 1.janúar 2016 mun virðisaukaskattur að óbreyttu leggjast á akstursþjónustu, hvort sem um er að ræða almenningssamgöngur, ferðaþjónustu fyrir fatlað og aldrað fólk og skólaakstur. Engan veginn verður séð að slík niðurstaða hafi verið markmið löggjafans við setningu laga nr. 124/20147, þar sem skýrt undanþáguákvæði í 1. gr. laganna:

„Almenningssamgöngur, þ.e. fastar ferðir á ákveðinni leið innan lands samkvæmt fyrirframbirtri áætlun, jafnt á landi, í lofti og á legi. Undanþágan nær einnig til skipulagðrar ferðaþjónustu fatlaðs fólks og skipulags flutning skólabarna.“

Þrátt fyrir umrætt undanþáguákvæði segir í nýbirtri greinargerð starfshóps um endurskoðun reglna um virðisaukaskatt og ferðaþjónustu¹:

¹ Sjá bls. 15-16.



„Að nokkru leyti er framkvæmdin með þeim hætti að þeir sem starfrækja almenningssamgöngur kaupa akstursþjónustu af þriðja aðila. Slík akstursþjónusta verður virðisaukaskattskyld frá 1.janúar 2016 og munu þeir sem starfrækja almenningssamgöngur bera virðisaukaskatt af keyptri þjónustu“.

Niðurstaða þessi kom hins vegar hvergi fram við setningu fyrrgreindra laga nr. 124/2014 og kemur því afar óvart í ljósi þess að undanþágu ákvæði fyrir til staðar í 1. gr.laganna. Lögð er mikil áhersla á að leysti verði úr þessu með skýrum hætti og ekki verði grundvallarmunur á því hvort að sveitarfélög eða fyrirtæki í eigu þeirra annast akstursþjónustu sjálf eða kaupa þjónustu verktaka. Eins og staðan er í dag, þá eru mjög stór hluti þessarar þjónustu aðkeyptur. Málið varðar hagsmuni allra sveitarfélaga á Íslandi því samkvæmt tölum frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga má lauslega áætla að sveitarfélögin, landshlutasamtök sveitarfélaga og fyrirtæki í þeirra eigu kaupi á hverju ári akstursþjónustu sem nemur um 5 milljörðum króna.



Áætlun um stækkun mötuneytis

Fjölbrautaskóli Suðurnesja
Kristján Ásmundsson skólameistari

Reykjanesbær 29.01.2015


Stækkun mötuneytis og tengibygging – Kostnaðaráætlun

Á meðfylgjandi teikningu er hugmynd að viðbyggingu við Fjölbrautarskóla Suðurnesja, um er að ræða tengibygging á milli 1. áfanga og 3. áfanga skólans. Tengibyggingu þessari er ætlað að þjóna sem stækkun á mötuneyti nemenda fyrir 160 nemendur og er stækkunin 302 m². Tengibygging þessi er hugsuð sem stálgrindarbygging með léttbyggðu þaki og hliðar úr gleri. Á milli 2. áfanga og tengibyggingar er gert ráð fyrir lokuðum innigarði til að tryggja ljósinnfall í kennslustofur á 1. hæð og loftræsingum um glugga.

Heildarkostnaður er áætlaður um kr. 96 milljónir m. vsk.

Staðsetning viðbyggingarinnar er þannig að auðvelt verður að haga framkvæmdum á þann veg að lítið ónæði og truflun verði á starfsemi skólans á framkvæmdatímanum.

Virðingarfyllst,


Brynjólfur Guðmundsson